

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um sjóði starfsfólks heilsugæslustöðva.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Eru til sjóðir sem í rennur hlutur komugjalda til heilsugæslustöðva, svokölluð tíund, og eru m.a. nýttir fyrir heilsugæslustarfsfólk til ferðalaga og skemmtanahalds eins og kom fram í DV 7. des. sl.?
2. Ef svo er, hvert er hlutverk þessara sjóða?
3. Ef svo er, hverjar eru tekjur sjóðanna? Er um þóknun fyrir innheimtu skatta eða þjónustugjalds að ræða og á hvaða lagagrunni byggist hún?
4. Ef svo er, hversu mikið fé er til ráðstöfunar á ári?
5. Ef svo er, hverjir fá úthlutað og eftir hvaða reglum?
6. Ef svo er, hvaða styrkir hafa verið veittir á þessu ári úr sjóðunum?
7. Njóta starfsmenn heilbrigðisráðuneytisins og stofnana þess svipaðra eða annarra fríðinda eða styrkja? Eru slík hlunnindi skattskyld?